

Þróunarsjóður Innflytjendamála
Development Fund for Immigrations Issues

Heiti verkefnis: Stígum saman í átt að öflugra fjölmenningsamfélagi.

Nafn styrkþega: Fjölskyldumiðstöð Breiðholts

Útdráttur: Upphaflega var áætlað að vinna úr #Metoo frásögnum og valdefla sérstaklega þátttakendur úr þeim markhópi en erfitt reyndist á fá þátttakendur. Okkur varð ljóst að til að ná að vinna með gildi verkefnisins og valdefla konur af erlendum uppruna þurfti að skoða aðrar leiðir. Frekari rannsóknarvinna leiddi í ljós að tungumálið er eitt öflugasta verkfærið fyrir fólk af erlendum uppruna í tengslum við valdeflingu og samfélagslega þátttöku. Ákveðið var styrkja íslenskukunnáttu kvenna af erlendum uppruna á vinnustöðum og bjóða upp á starfstengt íslenskunámskeið þar sem markmiðið var að efla þekkingu þeirra og færni í starfinu, veita upplýsingar um réttindi og skyldur og vinna með sjálfstyrkingu og frumkvæði. Íslenskuborpið er nýstárlag kennsluaðferð í íslensku sem öðru máli á vegum Háskóla Íslands. Þar er leitast við að virkja samfélagið í kringum nemandann eftir ákveðnum leiðum. Aðferðin hefur reynst afar vel, leitað var til þeirra eftir samstarfi.

Niðurstöður verkefnisins voru að bæði mentorar og stjórnendur tóku eftir auknu sjálfsöryggi nemenda fljótlega eftir að námskeiðið byrjaði. Nemendur voru duglegri að spryra spurninga um tungumálið og starfið. Nemendur sýndu meira frumkvæði og voru reiðubúnari að takast á við meiri ábyrgð á vinnustaðnum. Nemendur töludu meiri íslensku og enskan var notuð minna og minna eftir því sem leið og á námskeiðið. Námskeiðið var jákvætt fyrir fjölmenningu á leikskólunum og kveikti áhuga á að starfa meira með fjölmenningsverkefni. Námskeiðið smitaði til annarra útlendinga á leikskólunum og samstarfsfólkíð kynntist nemendum betur og þar með efldist tengslanet erlendu starfsmannanna bæði beint og óbeint.

Project Title: Step together in the direction of a robust society: Societal empowerment for women of foreign origin

Name of Grantee: Family Center of Breiðholt

Abstract: Originally the project was intended to work with #MeToo testimonials put forth by women of foreign origin living and working in Iceland, it however proved to be difficult to find participants. It was obvious that in order to work with the values of the project we needed to rethink our approach. Further research brought to light the fact that language is one of the most influential empowerment tools for immigrants especially in relation to societal cohesion. The decision was made to work with women of foreign origin in strengthening their Icelandic skills whilst also bolstering knowledge regarding their jobs and places of work, rights and responsibilities while additionally working with strengthening self-worth and empowerment. The Icelandic Village is a new teaching methodology for foreigners learning Icelandic which has proven beneficial we looked for them to partner with us for the project. Results proved positive as both Mentors and Directors in the workplaces of participants enrolled in the courses noticed improved self confidence among the women who participated in the course shortly after courses began. Our students showed both an increased interest in Icelandic and spoke more often in Icelandic with co-workers. Additionally, they displayed a need for more information regarding their jobs and places of work through persistent and engaging questions. Students demonstrated more initiative and were prepared to take on more responsibility at work. Students spoke more Icelandic and used less and less English as a means of communicating as the course carried on. The course was found to be positive for building multicultural competencies in the schools and opened up an interest for further multicultural projects within those schools. The course influenced other foreigners and coworkers to better connect within the workplace opening up a channel for better social cohesion.